

Golfvernd

Staðlað upplýsingarblað um tryggingu



SKILMÁLI E-35

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavinum um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **tryggingarskirteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á *Mínum síðum Varðar*. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um tryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt skirteini.

Hvernig trygging er golfvernd?

Golfvernd er sértrygging fyrir kylfinga. Hún veitir alhliða vernd gegn óvæntum atvikum innan sem utan golfvallar og bætir tjón vegna þjófnaðar á golfbúnaði. Tryggingin skiptist í golfbúnaðartryggingu, óhappatryggingu, golfslysatryggingu, árgjaldatryggingu, teigtryggingu erlendis og tryggingu fyrir leigu á búnaði erlendis, lendi tryggður í farangurstöfum. Einnig er innifalið í tryggingunni möguleiki tryggðs, fari hann holu í höggi, að gera vel við meðspilara sína. Að auki er ábyrgðartrygging innifalin í Golfverndinni.



Hvað bætir tryggingin?

Golfbúnaðartrygging

- ✓ Skyndilegan og ófyrirsjáanlegan utanaðkomandi atburð sem veldur tjóni á golfbúnaði á tryggingartímabilinu. Til golfbúnaðar teljast m.a. kylfur, poki, kerra, fatnaður, skór, auk búnaðar sem almennt má finna í golfpokum og er eingöngu ætlaður til golfiðkunar.
- ✓ Þjófnað á golfbúnaði, hafi hann verið vegna innbrots í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkaloftfar, sumarhús (orlofshús), hjólhýsi og veiðihús eða geymsluskáp í golfskála.
- ✓ Þjófnað á golfbúnaði utan golfskála.
- ✓ Rán, þ.e. töku golfbúnaðar með líkamlegu ofbeldi eða hótunum um að beita því.
- ✓ Skemmdarverk sem unnin eru á golfbúnaði sem valdið er af ásetningi, þó ekki ef tryggður sjálfur veldur skemmdunum.

Ábyrgðartrygging

- ✓ Bætur gegn skaðabótaskyldu sem geta fallið á tryggðan við golfiðkun samkvæmt íslenskum lögum eða réttarvenjum, sjá nánar skilmála tryggingarinnar.
- ✓ Tjón að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar.
- ✓ Tjón sem barn yngra en 10 ára veldur án tillits til skaðabótaskyldu.
- ✓ Kostnað við málsvörn sem tryggður þarf að fara í vegna tryggingarinnar og Vörður samþykkir.

Óhappatrygging

- ✓ Tjón sem tryggður veldur mönnum eða á munum við golfiðkun á golfvelli eða á æfingarsvæði við golfvöll.



Hvað bætir tryggingin ekki?

Golfbúnaðartrygging

- ✗ Tjón sem stafar af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi.
- ✗ Tjón sem verður ef tryggður gleymir hlut.
- ✗ Tjón sem seljandi, viðgerðaraðili eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi eða lögum.
- ✗ Tjón á munum sem stolið er úr ólæsri íbúð, faratæki, sumarhúsi (orlofshúsi), hjólhýsi, öðrum geymslustöðum eða eru skildir eftir á almannaferi.

Ábyrgðartrygging

- ✗ Tjón sem tryggðir valda hvor öðrum.
- ✗ Tjón á munum sem hinir tryggðu hafa til afnota, til geymslu eða eru af öðrum orsökum í þeirra vörslu.
- ✗ Né bætir hún tjón á munum sem tryggðir hafa tekið ófrjálsri hendi.
- ✗ Tjón vegna skaðabótakröfu sem fellur á tryggða sem eigendur eða notendur.

Slysatrygging við golfiðkun

- ✗ Slys sem verða vegna neyslu áfengis, fíkniefna eða annarra nautnalyfja
- ✗ Slys sem tryggður verður fyrir í handalögmáli, eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
- ✗ Slys af völdum vélknúins, skráningarskylds ökutækis.
- ✗ Dánartryggingu ef sjúklegt ástand, veikindi eða sjúkdómur hafa samverkandi áhrif á dauða tryggðs.
- ✗ Tannbrot sem fást greidd af öðrum aðila t.d. Sjúkratryggingum Íslands.

Slysatrygging við golfiðkun

- ✓ Slyss sem tryggður verður fyrir við golfiðkun á golfvelli eða á æfingarsvæði við golfvöll.
- ✓ Sjúkrakostnað, bæði innanlands og utan vegna slyss við golfiðkun.
- ✓ Dagpeninga við tímabundinn missi starfsorku 50% eða meira samkvæmt nánari reglum, ef slyss við golfiðkun veldur því að tryggður verður óvinnufær tímabundið. Hámarkabótatími er 48 vikur.
- ✓ Varanlega örorku valdi slyss við golfiðkun því að tryggður hlýtur varanlega örorku, innan þriggja ára frá slyssadegi.
- ✓ Ef tryggður verður fyrir slysi á golfvelli við golfiðkun sem veldur andláti innan árs frá slyssadegi, án þess að aðrar skýringar séu að finna á orsökum andláts.
- ✓ Tannbrot sem hlýst við golfiðkun og eru greiddar bætur fyrir viðgerðir á heilbrigðum tönnum sem laskast eða brotna við slyss.

Hola í höggi trygging

- ✓ Ef tryggður slær holu í höggi greiðist fjárhæðin sem getið er um á tryggingarskírteininu. Henni er ætlað að endurgreiða kostnað sem hlýst af því að bjóða meðspilurum upp á veitingar að hring loknum.

Skilyrði: Spilaðar að minnsta kosti 9 holur með minnst einum meðspilara. Höggið verður að hafa verið það fyrsta sem slegið var af teig í átt að holu. Völlurinn verður að hafa fengið viðurkenningu frá GSI eða sambærilegum erlendum aðila. Skorkort verður að vera rétt útfyllt. Tilkynna skal höggið til klúbbsstjórnar eða starfsmanns vallarins.

Árgjaldatrygging

- ✓ Tjón sem verður ef tryggðum er ófært að stunda golf á golftímabilinu vegna veikinda eða slyss og hefur þegar greitt árgjald í golfklúbb.

Skilyrði: Árgjald í einn klúbb. Tímabil ófærni miðast við að minnsta kosti 2 mánuði af golftímabili. Golftímabilið sé að lágmarki 5 mánuðir, maí til og með september og árgjaldinu dreift jafnt á þetta tímabili.

Leiga á búnaði erlendis

- ✓ Tjón sem verður vegna tafa á afhendingu golfbúnaðar (kylfum og golfpoka) í áætlunar- eða leiguflugum sem varir í allt að 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi. Tjón sem verður vegna þess að leigja þarf golfbúnað vegna tafa á afhendingu, fyrir hvern tryggðan 16 ára og eldri, ef innritaður golfbúnaður er ekki afhentur innan 8 klukkustunda eftir að á áfangastað er komið.

Húftrygging bifreiða

- ✓ Tjón af völdum golfbolta sem sleginn er í bifreið tryggðs af þar til gerðu svæði og markmiðið með högginu er ekki að valda skemmdum. Staðfestir eru af lækni með læknisvottorði um að viðkomandi sé ekki ferðafær.

Teigtrygging erlendis

- ✓ Tjón sem verður vegna lokunar á golfvelli vegna veðurs. Teiggjöld eru greidd fyrir þá daga sem völlurinn var lokaður vegna veðurs.

- ✗ Slyss þar sem eftirfarandi sjúkdómar eru til staðar fyrir: Brjós-klos, þursabit, liðagigt, slitgigt, eða hvers konar aðrir gigtarsjúkdómar.

Árgjaldatrygging

- ✗ Tjón vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem voru til staðar áður en tryggingin var tekin.
- ✗ Tjón sem verður á 9. mánuði meðgöngu.
- ✗ Slyss sem átti sér stað áður en tryggingin var tekin.

Leiga á búnaði erlendis

- ✗ Tjón sem verður vegna tafa á afhendingu golfbúnaðar þegar að tryggður er á heimleið.

Teigtrygging erlendis

- ✗ Tjón sem vera vegna lokana golfvalla á Íslandi.
- ✗ Tjón vegna lokana sem vara hluta úr degi vegna veðurs.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Tryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Læsa þarf tryggilega íbúðarhúsnæði eða öðrum stöðum þar sem golfbúnaður er geymdur. Enn fremur skal loka gluggum og krækja aftur og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að hinu tryggða.
- ! Lögregluskýrslur eru alltaf skilyrði vegna þjófnaðar eða skemmda á golfbúnaði.
- ! Þegar um tryggingu er að ræða vegna leigu á búnaði erlendis skal tryggður gæta þess að tímamörk fyrir tengiflug séu ekki þrængri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um. Einnig er skilyrði að leggja fram kvittun vegna leigu á búnaði.
- ! Þegar um húftryggingu er að ræða skal gæta þess að leggja bifreið þannig að ekki sé hætt á því að hún verði fyrir eðlilega slegnum golfbolta. Áréttað er að eigin áhætta er tilgreind á tryggingarskírteini.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum þó að hámarki 92 daga frá brottför frá Íslandi á ferðalagi erlendis.



Hverjar eru helstu skyldur þess tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Skila lögregluskýrslum sé þeirra krafist og öðrum gögnum til þess að flýta fyrir afgreiðslu tjóns.
- Fylgja öllum varúðarreglum Varðar og fyrirmælum komi til tjóns.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Við endurnýjun hækkar ársiðgjaldið í samræmi við breytingu á visitölu frá grunnvisitölu samnings. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst tryggingarverndin og hvernig lýkur henni?

Tryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu.